

1875

21
22an
marts.

vægu stigi og lækningatilraunirnar hvervetna haft góðan árangur, en jeg treysti því fullkomlega, að þjer herra amtmaður og hlutaðeigandi sýslumenn heitið öllum þeim ráðum, sem lögin heimila til að uppræta kláðann fullkomlega, áður enn sjenu í vor er sleppt undan vetrarhirdingunni, og að sjeð verði um, að sje það, sem þá enn skyldi vera grunað, verði ekki látið fara á afrjett, en að því verði haldið heima og stranglega aðskilið frá heilbrigðu sje-

22
23ðja
marz

Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).

Með brjefi stiptyfirvaldanna frá 15. þ. m. meðtók jeg bóнарbrjef setts kennara við hinn lærða skóla í Reykjavik, Benidikts Gröndals, um 400 króna styrk úr landssjóði til þess að semja kennslubók í landafræði lagaða eptir hinni dönsku kennslubók Erslevs, sem nú er notuð í skólanum.

Í álitu sínu um málið hefur forstjóri hins lærða skóla tekið fram, að það sje skólaliltum, einkum í hinum neðstu bekkjum, til mikillar fyrirstöðu, að þurfa að nota kennslubækur á úllendu máli og vinna þannig 2 verk í einu, skilja bókina og nema efnið, og eruð þjer skólastjóranum samdóma í því, en álituð það tryggilegast, að beiðandanum, sem áður hefur verið veittur 300 rd. styrkur úr rikissjóði¹ til að semja landafræði, og þá samdi brot af landafræði norðurálfunnar, sem var álituð óhentugt og of langort til að verða notað við skólakennslu — yrði bejnlínis falið á hendur að útleggja á islenzku hagfellaða kennslubók í landafræði, og álituð þjer kennslubók þá eptir Erslev, sem getið var og nú er almennt við höfð í dönskum skólum, til þess kjörna.

Fyrir því skal yður tjáð til athugunar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg er ekki frásnúinn því að veita beiðandanum, þegar hann hefur samið þýðingu á hinni nefndu kennslubók, er þjer og forstjóri skólans látið yður lynda, og hún er prentuð á kostnað stiptysprentsmiðjunnar, 20 króna ritlaun fyrir hverja örk prentaða þó ekki fram yfir 400 krónur alls.

Embættismenn skipaðir

Hinn 9. dag martsánaðar veittu stiptyfirvöldin, prestinum síra Helga Sigurðssyni á Setbergi, Mela- og Leirár-prestakall í Borgarfjarðar prófastsdómi.

S. d. var Torfastaða prestakall í Árnessprófastsdómi, veitt presti Staðarhraunssafnaðar, síra Jakobi Björnssyni. Í sambandi við hina venjulegu ákvörðun um, að presturinn verði að fella sig við hverja þá breytingu, sem gjörð kunní að verða við prestakallið, er í veitingarbrjefinu fyrir hinu stóarnefnda kalli tekið fram, að Skálholtssókn kunní að verða lögð til Ólafsvalla prestakalls, en Úthlíðarsókn aptur til Torfastaða kalls.

23. d. s. m. skipaði biskupinn prestinn að Sauðanesi síra Vigfús Sigurðsson til að vera prófast í Norður-Þingeyjar prófastsdómi.

Óveitt embætti:

Setbergs prestakall í Snæfellsnesprófastsdómi, metið 987,³¹ krónu, auglýst 10. marts.

Nesþing í Snæfellsnesprófastsdómi metið 798,³² krónu, auglýst 22. marts. Í ráði er að útvega brauði þessu talsverða tekjubót.

1) Samanber brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. ágúst 1868 í Tíðindum um stjórnarmálefni, II bls. 555-556.